



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# FIDLA, SELLÓ OG PÍANÓ

---

13. JÚNÍ 2013





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

---

### Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is).

---

### Áætluð tímalengd verka:

*Coriolan: 9´00"*

*Bríleikskonsert: 36´00"*

*Rómeó og Júlía: 35´00"*

---

BAKHJARLAR:

---



GAMMA

# FIÐLA, SELLÓ OG PÍANÓ

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 13. JÚNÍ 2013 » 19:30

---

**Osmo Vänskä** hljómsveitarstjóri  
**Ari Þór Vilhjálmsson** einleikari  
**Sigurgeir Agnarsson** einleikari  
**Anna Guðný Guðmundsdóttir** einleikari

---

**Ludwig van Beethoven**      *Coriolan, forleikur, op. 62 (1807)*

**Ludwig van Beethoven**      *Konsert fyrir píanó, fiðlu og selló, op. 56 (1804)*  
*Allegro*  
*Largo-*  
*Rondo alla polacca*

**Hlé**

**Sergej Prokofiev**      *Rómeó og Júlía*  
*úr ballettsvítum I-III (1935)*  
*Inngangur*  
*Hertoginn skipar fyrir*  
*Júlía yngismær*  
*Grímuball*  
*Dans riddaranna*  
*Alþýðan skemmtir sér*  
*Einvígi Tíbalts og Merkútíós*  
*Rómeó hefnir Merkútíós*  
*Líkfylgd Tíbalts*  
*Herbergi Júlíu*  
*Útför Júlíu*  
*Dauði Júlíu*

## OSMO VÄNSKÄ

hljómsveitarstjóri



Osmo Vänskä stendur á hátindi ferils síns um þessar mundir og hefur hlotið lof víða um heim fyrir frábæra túlkun sína. Hann tók við stöðu aðalstjórnanda Minnesota-hljómsveitarinnar árið 2003 og hefur vakið mikla athygli fyrir starfsitt þar. Meðal helstu afreka hans með hljómsveitinni má nefna hljóðritanir á öllum sinfóníum Beethovens sem hafa hlotið frábæra dóma og fjölda viðurkenninga, þar á meðal Grammy-tilnefningu fyrir besta hljómsveitarflutning árið 2008. Þá hefur hann stjórnað Minnesota-hljómsveitinni á Proms-hátíðinni í Lundúnum og margsinnis í Carnegie Hall í New York.

Vänskä var aðalstjórnandi Lahti-sinfóníuhljómsveitarinnar frá 1988 til 2008 og er nú heiðursstjórnandi hennar. Undir forystu hans varð hljómsveitin ein sú fremsta í Finnlandi og lék í helstu tónleikasölum austan hafs og vestan. Þá vakti túlkun Vänskäs á hljómsveitarverkum Sibeliusar í hljóðritunum hljómsveitarinnar fyrir BIS-útgáfuna verðskuldaða athygli.

Osmo Vänskä hefur stjórnað fjölda annarra hljómsveita í fremstu röð, m.a. sinfóníuhljómsveitunum í Boston, Chicago og San Francisco, filharmóníuhljómsveitunum í Berlín og New York, Gewandhaus-hljómsveitinni í Leipzig, Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam sem og Cleveland-hljómsveitinni og Orchestre de Paris.

Vänskä hóf feril sinn sem klarínettuleikari og lék m.a. í filharmóníuhljómsveitunum í Helsinki og Turku. Hann nam hljómsveitarstjórn undir handleiðslu Jorma Panula við Sibeliusarakademiuna og hlaut fyrstu verðlaun í Besançon-hljómsveitarstjórakeppninni árið 1982. Hann var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands árin 1993-96 og stýrði hljómsveitinni m.a. á merkum tónleikum í Carnegie Hall árið 1996. Þá var Vänskä aðalstjórnandi BBC-sinfóníuhljómsveitarinnar í Skotlandi á árunum 1997-2002.



## ARI ÞÓR VILHJÁLMSÓN

einleikari

---

Ari Þór Vilhjálmsson hóf störf hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2006 og gegnir nú starfi leiðara 2. fiðlu hljómsveitarinnar. Fiðlunám hóf hann í Bandaríkjunum árið 1986, þá fimm ára gamall. Síðar lauk hann einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur. Þá hélt hann vestur um haf og nam hjá Almitu og Roland Vamos, Rachel Barton Pine og Sigurbirni Bernharðssyni. Hann lauk bakkalárgráðu frá University of Illinois og síðar meistaragráðu frá Northwestern University í Chicago. Á námsárum sínum gegndi Ari leiðandi stöðu í Civic Orchestra of Chicago, æfinghljómsveit Chicago Symphony Orchestra, og stöðu konsertmeistara samnorrænu ungsveitarinnar Orkester Norden. Einnigtók hann þáttí heimsreisu Bjarkar Guðmundsdóttur árið 2003 sem félagi í The Iceland String Octet. Ari hefur flutt einleikskonserta m.a. eftir Mozart, Beethoven, Brahms, Hafliða Hallgrímsson, Prokofiev og Shostakovitsj með hljómsveitum á Íslandi og í Bandaríkjunum.

Á undanförunum árum hefur hann spilað á einleiks- og kammer-tónleikum fyrir Listahátíð í Reykjavík, Kammermúsíklúbbinn, Reykjavík Midsummer Music og Emory University í Atlanta. Margir af efnilegustu fiðlunemendum landsins sækja nám hjá Ara við Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem hann hefur stundað kennslu frá árinu 2008. Hann er einn af stofnendum Alþjóðlegu Tónlistarakadémiunnar í Hörpu sem nú er haldin í fyrsta sinn dagana 9. - 17. júní. Í sumar mun hann leika á Reykholtshátíð og kenna á Tónlistarhátíð Ungu Fólksins í Kópavogi.

---



## SIGURGEIR AGNARSSON

einleikari

---

Sigurgeir Agnarsson hefur gegnt stöðu uppfærslumanns í sellódeild Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2003. Hann hóf nám á selló hjá Gunnari Kvaran við Tónlistarskóla Garðabæjar árið 1984, þá átta ára gamall. Síðar lauk hann einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1995 og hélt til frekara náms hjá David Wells og Laurence Lesser við New England Conservatory of Music í Boston. Þaðan lauk hann bæði bakkalár- og meistaraþráðu í tónlist. Síðan lá leiðin til Þýskalands þar sem Sigurgeir lærði hjá Johannes Goritzki við Robert Schumann Tónlistarháskólann í Düsseldorf þar sem hann útskrifaðist með Konzertexamen árið 2002.

Sigurgeir er deildarstjóri strengjadeildar Tónlistarskólans í Reykjavík þar sem margir af fremstu strengjanemendum landsins stunda nám. Hann er nýskipaður listrænn stjórnandi Reykholtshátíðar sem haldin er síðustu helgina í júlí hvert ár. Einnig er hann einn af stofnendum Alþjóðlegu Tónlistarakademiunnar í Hörpu sem nú er haldin í fyrsta sinn dagana 9. - 17. júní. Sigurgeir hefur komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Bochumer Symphoniker, Kammersveit Reykjavíkur og Blásarasveit Reykjavíkur í einleikskonsertum eftir Schumann, Ibert, Gubaidulina og báðum sellókonsertum Haydns. Sigurgeir hefur verið virkur í íslensku tónlistarlífi og komið reglulega fram á tónleikum Listahátíðar í Reykjavík, Kammermúsíklúbbsins, Salarins í Kópavogi, Tríós Reykjavíkur og Reykjavík Midsummer Music þar sem hann frumflutti einleikssónötu fyrir selló eftir Ligeti á Íslandi.

---



## ANNA GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR

einleikari

---

Anna Guðný Guðmundsdóttir hlaut fastráðningu við Símfóníuhljómsveit Íslands árið 2005. Hún brautskráðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1979 þar sem kennarar hennar voru Hermína S. Kristjánsson, Jón Nordal og Margrét Eiríksdóttir, en þangað kom hún úr Barnamúsíksskólanum þar sem Stefán Edelstein var kennari hennar. Anna Guðný stundaði framhaldsnám við Guildhall School of Music í Lundúnum.

Hún hefur síðan starfað á Íslandi við margvísleg störf píanistans, í kammertónlist, meðleik og sem einleikari. Hún kemur reglulega fram á Listahátíð í Reykjavík, svo og innan Tíbrár tónleikaraðarinnar í Salnum í Kópavogi. Hún er píanóleikari Kammersveitar Reykjavíkur, hefur ferðast víða með henni og leikið inn á geisladiska, en alls hefur hún leikið inn á um 30 diska með ýmsum listamönnum. Anna Guðný hefur auk þess leikið með Karlakór Reykjavíkur á vortónleikum þeirra í yfir 20 ár og leikur með hljómsveitinni Salon Islandus.

Fyrstu hljómsveitarreynsluna hlaut hún í Íslensku hljómsveitinni sem starfaði í um áratug frá 1983. Hún vann við tónlistardeild Listaháskóla Íslands frá stofnun hennar 2001 til ársins 2005. Í dag starfar hún sem píanóleikari við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hún hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2009 sem flytjandi ársins. Anna Guðný mun í sumar koma fram á Reykjavík Midsummer Music hátíðinni í Hörpu í júní, Kammertónleikum á Kirkjubæjarklaustri og á Reykholtshátíðinni.

---

## UM EFNISKRÁ

### Ludwig van Beethoven

Coriolan, forleikur



Nafn Ludwigs van Beethoven (1770-1827) er ekki það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar tónlist tengd sviðslistum er annars vegar. Hann samdi aðeins eina óperu, *Fidelio*, en henni fylgja fjórir forleikir; hinn eiginlegi forleikur og þrír aðrir sem kenndir eru við Leonóru. Af öðrum verkum tengdum leikhúsi má nefna tónlist við leikritin *Egmont*, *Stefán konung*, *Rústir Aþenu* og *Húsið vígt* sem og fyrir ballettinn *Verur Prómeþeifs*.

*Coriolan* forleikurinn var meðal fyrstu tónverka Beethovens sem tengjast leikhúsinu. Síðla árs 1802 var harmleikurinn *Coriolan* eftir Heinrich Joseph von Collins frumfluttur í Vínarborg en hann er að einhverju leyti byggður á samnefndu verki Shakespeares. Þar segir frá hershöfðingjanum Coriolanus sem gerður var brottrækur frá Róm þrátt fyrir dygga þjónustu. Hershöfðinginn telur á sér brotið og hyggst snúa aftur og leita hefnda í nafni réttlætisins. Blæbrigðaríkur forleikurinn þykir fanga vel ólíkar hliðar frásagnarinnar af hetjunni Coriolanus. Beethoven semur forleikinn í c-moll, tóntegund sem hann notaði einnig í öðrum örlagaþrungnum verkum svo sem 5. sínfóníunni og þriðja píanókonsertinum. Forleikurinn var frumfluttur á áskriftartónleikum í húsakynnum velunnara Beethovens, Lobkowitz fursta í Vínarborg í mars 1807.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

*Coriolan* forleikurinn heyrðist í fyrsta sinn á Íslandi árið 1926 á tónleikum Fílharmoníusveitarinnar í Hamborg í lðnó undir stjórn Jóns Leifs. Róbert A. Ottósson stýrði fyrsta flutningi Sínfóníuhljómsveitar Íslands á forleiknum 1951. Síðan þá hefur hann hljómað mörgum sinnum, bæði á reglulegum tónleikum og tónleikaferðum hljómsveitarinnar. Sem dæmi má nefna að Páll P. Pálsson stjórnaði *Coriolan* forleiknum á fernum tónleikum í Austurríki árið 1981 og tuttugu og fimm sinnum víðs vegar um landið á árunum 1977, 1987 og 1988.

Sínfóníuhljómsveit áhugamanna flutti *Coriolan* forleik Beethovens á tónleikum árið 2002 undir stjórn Olivers Kentish.



## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur konsert fyrir píanó, fiðlu og selló nú í sjötta sinn á tónleikum. Fyrsta flutningi verksins stýrði Bohdan Wodiczko árið 1966 og voru Björn Ólafsson, Einar Vigfússon og Árni Kristjánsson einleikarar. Árið 1977 hélt Páll P. Pálsson um tónsprotann en Guðný Guðmundsdóttir, Hafliði Hallgrímsson og Philip Jenkins léku einleik. Fontenay-tríóið lék verkið með hljómsveitinni undir stjórn Petris Sakari árið 1988 og Trio Nordica 1996 með Adrian Leaper á stjórnendapalli. Síðast var verkið flutt árið 2003 af Judith Ingólfsson, Bryndís Höllu Gylfadóttir og Vovka Ashkenazy en stjórnandi var Thomas Kalb.

## Ludwig van Beethoven

Konsert fyrir píanó, fiðlu og selló

Vitað er að *Þríleikskonsertinn* var tvívegis fluttur í tónlistarsal Lobkowitz-hallarinnar í Vínarborg ásamt þriðju sinfóníunni snemma árs 1804. Lobkowitz fursti bar allan kostnað af þessum einkatónleikum og var tilgangurinn annars vegar að gefa tónskáldinu kost á að gera leiðréttingar eftir fyrstu hlustun og fyrir fyrstu prentun. Hins vegar gafst furstanum á þennan hátt tækifæri til að að kynnast hinum splunkunýju tónsmíðum. Einleikarar í þessum fyrsta flutningi á *Þríleikskonsertinum* voru tónskáldið (píanó) og tveir félagar í hljómsveit furstans; Anton Wranitzky (fiðla) og Anton Kraft (selló). Verkið birtist fyrst á prenti árið 1807 og var frumflutt opinberlega á tónleikum í maí ári síðar.

Sinfónísk konsertverk eða *Sinfonia Concertante*, þar sem fleiri en eitt einleikshljóðfæri koma við sögu, nutu vinsælda á seinni hluta 18. aldar. Vinsælastir voru konsertar fyrir fiðlu og selló en til eru konsertar með fjölbreytilegri samsetningu einleikshljóðfæra. Eftir því sem næst verður komist hafði píanóið þó ekki verið notað áður sem eitt af einleikshljóðfærum í sinfónísku konsertverki fyrr en Beethoven samdi *Þríleikskonsertinn*.

Eftir að hafa samið nokkur píanótrío voru Beethoven möguleikar þessarar samsetningar vel kunnugir. Upphafstónar verksins sem bassar og selló kynna til leiks leggja að miklu leyti grunninn að konsertinum. Úr þessum upphafstónum spinnur Beethoven stef sem þróast og umbreytist eftir því sem líður á verkið, ýmist í meðförum hljómsveitarinnar, einleikaranna eða samleik allra.

Fyrsti þátturinn er í sönötuformi og sér hljómsveitin um framsögu sem kynnir stefjaefnið. Í úrvinnsluhlutanum eru hins vegar einleikshljóðfærin í forgrunni og fara líkt og í kammertónlist með stefjaefnið sem þegar var búið að kynna.

Að loknum stuttum hljómsveitarinngangi annars þáttar hljómar sellóið í undurfögru stafi sem leiðir inn í tilfinningaþrunginn samleik einleikshljóðfæranna við finlegan meðleik hljómsveitarinnar. Annar kaflinn tengist þeim þriðja sem er gáskafullur og bjartur dans; rondo alla polacca, hringdans undir pólskum áhrifum. Einleikshljóðfærin leika ýmist saman eða sitt í hvoru lagi, með eða á móti hljómsveitinni. Enn er þó sellóið í leiðandi hlutverki; það kynnir stefin sem svo síðar er unnið úr. Þriðja þættinum lýkur á tríókafli þar sem hraðar hendingar og hlaup upp og niður tónstiga þjóta hjá eins og ferskar vindhviður að vori.

---



## Sergej Prokofiev

Rómeo og Júlía

Sagan um elskendurna Rómeó og Júlíu hefur orðið mörgum tónskáldum hugleikin. Til eru að minnsta kosti 24 óperur sem byggja á sögunni og þá eru ótalin leikrit og ballettar sem leggja út af sögu Rómeó og Júlíu. Ein þekktasta birtingarmynd á seinni tímum er söngleikurinn *West Side Story* eftir Leonard Bernstein.

Árið 1934 pantaði Kirov-leikhúsið ballettverk af Sergej Prokofiev (1891-1953) og skyldi verkið byggt á Rómeó og Júlíu. Þegar skipt var um yfirstjórn leikhússins var pöntunin dregin til baka. Á endanum var það Bolsoj-ballettinn í Moskvu sem falaðist eftir verkinu.

Það kom því Prokofiev í opna skjöldu þegar Bolsoj hafnaði því á þeim forsendum að tónlistin væri of framsækin og miður dansvæn. Höfnunin var því óskiljanlegri í ljósi þess að hann hafði nýlega snúið heim eftir átján ára dvöld í Frakklandi vegna loforða yfirvalda um að greiða götu tónlistar hans. Ákvörðunin var því í andstöðu við þessi loforð og illskiljanleg þegar sjálf tónlistin er skoðuð, því hvorki er hún sérlega framúrstefnuleg né ódanshæf. Þvert á móti virðist tónlist Prokofiev sem klæðskerasniðin að yfirlýstri menningarstefnu yfirvalda í Sovétríkjunum á þessum tíma.

Til þess að koma í veg fyrir að tónlistin við Rómeó og Júlíu félli í gleymsku og eins til þess að auka möguleika á að ballettinn yrði einhvern tíma sviðsettur, gerði Prokofiev tvær konsertsvítur op. 64 a/b og síðar þá þriðju op. 101 og urðu svíturnar strax mjög vinsælar. Útsetning tónskáldsins á tíu þáttum verksins fyrir píanó jók enn á hróður þess.

Ballettinn *Rómeó og Júlía* við tónlist Sergejs Prokofjev var fyrst settur á svið árið 1938 í Brno í Tékklandi og ári síðar í Leningrad. Þar með var ísinn brotinn og hefur tónlistin æ síðan verið vinsælt viðfangsefni ballettflokka sem og hljómsveita um víða veröld.

Balletttónlist Prokofjévs er í fjórum þáttum, alls 52 atriði og tekur um þrjár og hálf klukkustund í flutningi. Svíturnar sem tónskáldið vann úr verkinu innihalda samanlagt tuttugu númeruð atriði og spanna allan ballettinn. Í þeim tólf köflum sem leiknir verða í kvöld má glögg heyra hversu mikil fjölbreytni einkennir tónlist Prokofjévs. Hún spannar allt litróf tilfinninga líkt og í sjálfri frásögninni af *Rómeó og Júlíu*. Í sjálfsævisögu sinni segir Prokofjev frá fyrirætlan sinni að breyta niðurlagi verksins; láta það enda á gleðilegum nótum en ekki átakanlegum í anda sögunnar. Ástæðuna sagði tónskáldið vera kóreógrafía verksins; að auðveldara væri að láta hina lifandi dansa en þá dauðu. Hann hætti þó við þessi áform og hélt sig við söguþráðinn. Í lokakaflanum hljóma stefbrot úr fyrri köflum verksins sem auka á harmræn áhrif sögunnar um *Rómeó og Júlíu* sem dauðinn fékk ekki að skilið.

*Helgi Jónsson*

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Þættir úr ballettsvítum Prokofjévs við *Rómeó og Júlíu* hafa margsinnis hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Fyrst stýrði Bohdan Wodiczko flutningi á svítu nr. 2 á tónleikum í Háskólabíói árið 1966 og Vladimír Ashkenazy stjórnaði völdum köflum úr svítunum árið 1975. Síðast lék hljómsveitin þætti úr svítunum undir stjórn Pietari Inkinen (2007) og James Gaffigan (2011).

# GAMMA er einn af aðalstyrktaraðilum Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval  
verðbréfa- og fagfjárfestisjóða  
Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 519 3300, [www.gamma.is](http://www.gamma.is)



**GAMMA**

GAM Management hf

# HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

13. júní 2013

## 1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Zbigniew Dubik  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Mark Reedman  
Bryndís Pálsdóttir  
Rut Ingólfssdóttir  
Júliana Elín Kjartansdóttir  
Rósa Guðmundsdóttir  
Gunnhildur Daðadóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Sigríður Hrafnkelsdóttir

## 2. FIDLA

Roland Hartwell  
Dóra Björgvinsdóttir  
Christian Diethard  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Hlíf Bente Sigurjónsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir  
Þórdís Stross  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Kristján Matthíasson  
María Weiss

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Móeiður A. Sigurðardóttir  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Sarah Buckley  
Eyjólfur Alfreðsson  
Þórarinn Már Baldursson  
Kathryn Harrison

## SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir  
Margrét Árnadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Auður Ingvadóttir  
Lovísa Fjeldsted

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Emilía Rós Sigfúsdóttir

## ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Gillian Haworth  
Matthias Nardeau

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Einar Jóhannesson  
Rúnar Óskarsson

## SAXÓFÓN

Sigurður Flosason

## FAGOTT

Brjánn Ingason  
Rúnar Vilbergsson  
Darri Mikaelsson

## HORN

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Þorkell Jónsson  
Lilja Valdimarsdóttir

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson  
Jóhann I. Stefánsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley  
Elísabet Waage

## PÍANÓ/CELESTA

Valgerður A. Andrésdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Pétur Grétarsson



ENNEMM / SJIA / NM64421

**Forvarnir eru málið þegar tryggingar snúast um fólk!**

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

**vís**



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Endurnýjun áskrifta hafin

Tryggðu þér þitt sæti á  
næsta starfsári 2013/14.

**Endurnýjaðu fyrir sumarfrí**

Endurnýjun áskrifta hefst **13. júní**.  
Sala nýrra Regnbogakorta hefst **26. júní**.

Aðalstyrktaraðili:



GAMMA